



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Leikskólaliði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Pre-school assistant

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- útfærir faglegt starf og sinnir fjölbreyttum verkefnum með börnum í samráði við leikskólakennara
- gegnir mikilvægu hlutverki sem fyrirmynd, getur lesið í aðstæður og brugðist við með viðeigandi hætti hverju sinni
- þjálfar börn í að lesa umhverfi sitt, samvinnu og að tjá sig og hlusta á aðra og hefur áhrif á velferð og vellíðan barna í daglegu starfi
- býr yfir góðri samskiptafærni, sýnir umhyggju og getur átt uppbyggileg samskipti við börn, samstarfsfólk, aðstandendur og forráðamenn
- getur beitt mismunandi aðferðum við að leiðbeina börnum í samræmi við aðalnámskrá út frá aldri og þroskastigi
- býr yfir þekkingu og frumkvæði til að leiða hópastarf barna, bæði inni og úti
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og geta forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á
- þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- þekkir siðareglur, sýnir siðferðisvitund og gætir þagmælsku í störfum sínum
- er fær um að tileinka sér nýjungar í starfi og er meðvitaður um mikilvægi þess.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Leikskólaliðar sjá um uppeldi, kennslu og umönnun barna á leikskólaaldri í samstarfi við aðra starfsmenn leikskólans á grundvelli aðalnámsskrár og skólanámsskrár leikskóla. Þeir aðstoða börn við daglegar athafnir og taka þátt í starfi leikskólans. Leikskólaliðar vinna við útfærslu fjölbreytilegra verkefna við breytilegar aðstæður. Leikskólaliðar leiða verkefnavinnu með börnum í samræmi við faglega stefnu skólans. Hlutverk þeirra er að örva þroska og auka skilning og sjálfstæði barna. Leikskólaliðar leiðbeina börnum um umhverfi sitt, náttúruna, rými, stærðir, hugtök og íslenska tungu. Leikskólaliðar leiða verkefni sem örva skynjun barna og hjálpa þeim að uppgötva hluti og þjálfra eigin hæfileika, bæði líkamlega og vitsmunalega. Leikskólaliðar þjálfar börn í að gefa og þiggja, að skilja hæfileika og langanir sjálfra sín og annarra.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfboðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 2. þrep – EQF 3. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er 1 ½ ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla þrjár annir að prófatíma meðtöldum og vinnustaðanámi sem er samtals 9 vikur.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is